

**Nd.**

**1059. Breytingartillögur**

[456. mál]

við frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBI, ÞP).

1. Við 7. gr. 5. tl. orðist svo: Að gera tillögur um árlega heildarútlánaáætlun, svo og um veitingu einstakra lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga stofnunarinnar.
2. Við 10. gr. Síðari máls. fyrri mgr. orðist svo: Veiting lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga skal byggjast á umsóknum nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.
3. 11. gr. falli niður.
4. Á eftir 12. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Með tilliti til hlutverks Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. þessara laga, er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í fjárfestingar- eða þróunarfélögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.
5. 13. gr. orðist svo:

Forsætisráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.  
Ársreikningum skal fylgja skrá yfir lánveitingar og óafturkræf framlög Byggðastofnunar.
6. 18. gr. orðist svo:

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum eða sparisjóðum samkvæmt ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar.
7. Við 23. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.